

Númer: 54/2019

Dreifibréf til greiðsluþjónustuveitenda
b.t. framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. nóvember 2019
Tilvísun: 2019110058

Efni: Drög að reglum um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttekur

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 5/2019 sem inniheldur drög að reglum um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttekur. Um er að ræða uppfærslu á núgildandi reglum um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana, nr. 323/2014. Megin breytingin er gerð á 4. gr. reglnanna. Er þar gerð frekari útlitun á því hvaða eignir geta talist til öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Drögin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 5. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem fylgja dreifibréfi þessu og finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Björk Sigurgísladóttir


Berglind Rut Hilmarsdóttir